

þegja *so. vb.-0 – leggja*
[þagði]

– hann þagði yfir leyndarmálinu

‡ • þegjandi, þögn, þögull « segja, tala, mæla, ræða

skeið *hk. – hús*
[-s, -]

– ég fylgdist með henni um skeið

‡

andrúmsloft *hk. – hús*
[-s, -]

– það er gott andrúmsloft á vinnustaðnum

‡ • anda, rúm, loft; andartak, andi, andlegur

ákaf·ur *lo. – gulur Ö*
[áköf, -t; -ari, -astur]

– hún var áköf í að segja frá

‡ ákafr • ákaflega

blása *so. sb.-7 – falla*
[blés, blésum, blásið]

– viltu blása upp blöðruna fyrir mig?

‡

svefnherbergi *hk. – hús J*
[-s, -]

– það þarf að mála svefnherbergið

‡ • svefn, herbergi

auming·i *kk. – tími*
[-ja, -jar]

– þú ert algjör aumingi!

‡

þægileg·ur *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– hægindastóllinn hennar Guðrúnar er mjög þægilegur

‡ þægiligr

kipp·a *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– hún kippti í tauminn

‡

tilefni *hk. – hús*
[-s, -]

– ég bakaði köku í tilefni dagsins

‡ • til, efni; verkefni

spor *hk. – hús*
[-s, -]

– það voru spor í snjónum

‡ » slóð

einkennileg·ur *lo. – gulur*
[-, -t; -ri, -astur]

– þetta var einkennilegur maður

‡ einkanligr • kenna » sérkennilegur

skína *so. sb.-1 – grípa*
[skein, skinum, skinið]

– sólin skein allan daginn

‡ • sólskin

tilviljun *kvk. – mynd Ö*
[-ar, tilviljanir]

– þeir hittust fyrir tilviljun

‡ • vilja, vilji, til

lán *hk. – hús*
[-s, -]

– við tókum lán fyrir húsinu

‡ • lána

hádegi *hk. – hús J*
[-s, -]

– borðum saman í hádeginu

‡ • dagur, síðdegi, hár (lo)